Tillögur frá Eldingu
til 30. aðalfundar LS 16. og 17. október 2014

1. Elding leggur til að veiðidagar á grásleppu verði aldrei færri en 60.

2. Elding vill að skötuselur verði utan kvóta við grásleppuveiðar.

3. Að handfæraívilnun verði komið á.

4. Að þorskvótinn verði aukinn í 250 þúsund tonn á yfirstandandi fiskveiðiári.

5. Að aukið verði við aflamark í ýsu í 50 þúsund tonn strax á yfirstandandi fiskveiðiári.

6. Að aukið verði við aflamark í steinbít strax í 10 þúsund tonn vegna aukinnar útbreiðslu.

7. Að þeim aflaheimildum sem teknar voru af línuívilnunarpottinum í ýsu og steinbít verði tafarlaust skilað til baka.

8. Elding krefst þess að strandveiðar verði leyfðar í 4 mánuði á hverju fiskveiðiári, 4 daga í viku með sömu formerkjum og gilda í dag.

9. Elding leggur til að skipstjórar fái að ráðstafa VS-afla til styrktar líknarsamtökum.

10. Lúða verði meðafli á línu og færi og verðmæti fer á viðkomandi útgerð eða bát.

11. Að Hafró afli upplýsinga um það magn af fæðu sem makríllinn tekur til sín á grunnslóð þann tíma sem hann dvelur í íslenskri landhelgi.

12. Elding krefst þess að samband AIS kerfisins verði stórbætt úti fyrir Vestfjörðum. Sama má segja um síma- og talstöðvarsamband. Ef nota á þessi kerfi sem öryggis- eða eftirlitstæki verða þau að virka almennilega, það vantar búnað í landi til að svo verði.

Elding, félag smábátaeigenda í Ísafjarðarsýslum
Samþykkt á aðalfundi 21. september 2014